



Af hverju eru sum börn ekki á frístundaheimili?

Könnun á viðhorfum foreldra

Guðrún María Ingólfssdóttir

Lokaverkefni til BA-prófs

Íþróttá-, tómsunda- og þroskaþjálfadeild



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Af hverju eru sum börn ekki á frístundaheimili?

Könnun á viðhorfum foreldra

Guðrún María Ingólfssdóttir

Lokaverkefni til BA-prófs í tómstunda- og félagsmálafræði

Leiðbeinandi: Kolbrún Þorbjörg Pálsdóttir

Íþróttá-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild

Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Febrúar 2018

Af hverju eru sum börn ekki á frístundaheimili?

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til BA-prófs
í tómstunda- og félagsmálafræði við Íþróttá-, tómstunda- og
þroskaþjálfadeild,
Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© Guðrún María Ingólfssdóttir 2018

Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

Reykjavík, 2018

Ágrip

Þetta lokaverkefni er til B.A. – gráðu í tómsunda- og félagsmálafræði frá Háskóla Íslands. Markmið verkefnis er að kanna hvaða ástæður liggja að baki því að sum börn úr 1. - 4. bekk eru ekki skráð á frístundaheimili. Til þess að leita svara við því framkvæmdi ég könnun í samstarfi við leiðbeinanda minn og skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar (SFS). SFS sá um að senda út spurningalista á úrtak foreldra sem eiga barn í 1. – 4. bekk og eru ekki með barnið skráð á frístundaheimili. Eftirfarandi niðurstöður sýna að þetta eru helstu ástæður þess að barnið var ekki skráð á frístundaheimili: Barninu fannst ekki gaman á frístundaheimilinu; Foreldrar treysta barninu til þess að vera eitt heima; Vinir barnsins voru ekki skráðir á frístundaheimilið; Barnið stundar aðrar tómsundir eftir skóla. Draga má þá ályktun að viðhorf barnanna til starfsins skiptir máli, ekki síst barna úr 3. – 4. bekk. Verkefnið skilar hagnýtum upplýsingum til stefnumótunaraðila frístundaheimila, börnum þykir mikilvægast að vinirnir séu með á frístundaheimilinu og með aldrinum minnkar áhugi fyrir því að vera á frístundaheimili.

Efnisyfirlit

Ágrip	3
Myndaskrá	5
Töfluskrá	5
Formáli	6
1 Inngangur	7
2 Um sögu og stefnu frístundaheimila	9
2.1 Þróun frístundaheimila	9
2.2 Markmið og gildi frístundaheimila	10
3 Rannsóknir og kenningar	12
3.1 Mikilvægi tómsunda og vináttu	12
3.2 Viðhorf barna til frístundaheimila	13
3.3 Óformlegt nám	15
3.4 Geta börn verið ein heima?	16
4 Aðferðafræði	18
4.1 Þátttakendur	18
4.2 Mælitækið	18
4.3 Framkvæmd og úrvinnsla gagna	19
4.4 Siðfræðileg atriði	19
5 Niðurstöður könnunar	20
5.1 Bakgrunnur þátttakenda	20
5.2 Aldur og kyn	21
5.3 Hvers vegna er barnið ekki skráð á frístundaheimili í vetur?	23
6 Umræða	28
6.1 Aldur og kyn	28
6.2 Mikilvægast að hafa vinina á frístundaheimilinu	28
6.3 Biðlistar	30
6.4 Hagnýtur lærdómur	30
7 Lokaorð	32
Heimildaskrá	33
Viðauki 1: Spurningalisti	36

Myndaskrá

Mynd 1. Hlutfall foreldra eftir því hver svarar könnuninni.	18
Mynd 2. Fjöldi barna sem ekki eruð skráð á frístundaheimili eftir bekk.....	21
Mynd 3. Hlutfall kynja.....	22
Mynd 4. Ástæður sem höfðu frekar og mjög mikil áhrif á að barn var ekki skráð á frístundaheimili.....	24
Mynd 5. Væri barnið skráð á frístundaheimili ef aðstæður væru aðrar?	27

Töfluskrá

Tafla 1. Menntun foreldra.	20
Tafla 2. Staða foreldra á vinnumarkaði.	20
Tafla 3. Tungumál töluð á heimilinu.....	21
Tafla 4. Ástæður þess að barnið er ekki skráð á frístundaheimili.	23
Tafla 5. Ástæðan „Barninu fannst ekki gaman á frístundaheimilinu“ eftir bekk.	24
Tafla 6. Ástæðan „Vinir barnsins eru ekki á frístundaheimilinu“ eftir bekk.....	25
Tafla 7. Ástæðan „Ég treysti barninu til að vera eitt heima“ eftir bekk.	25
Tafla 8. Ástæðan „Barnið stundar aðrar tómstundir eftir skóla“ eftir bekk.....	26

Formáli

Hugmyndin af verkefninu kviknaði af einskærri forvitni. Eftir að hafa unnið á frístundaheimili hjá Reykjavíkurborg í fjögur ár og fengið að kynnst því frábæra starfi sem þar fer fram, velti ég því fyrir mér hvers vegna ekki væru öll börn að taka þátt í starfinu. Von mín er sú að niðurstöður þessa verkefnis komi hagnýtum upplýsingum og niðurstöðum til skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og annarra sem koma að frístundastarfi barna.

Ég vil þakka Kolbrúnu Þ. Pálsdóttur leiðbeinanda mínum fyrir að koma á samstarfi við Reykjavíkurborg og fyrir mikla hjálp og gagnlegar ábendingar í ritgerðarskrifunum. Einnig vil ég þakka öllum hjá skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar sem komu að framkvæmd könnunarinnar og úrvinnslu gagna, án þeirra hefði verkefnið verið nær ómögulegt. Að lokum vil ég þakka fjölskyldu og vinkonum fyrir stuðning og hvatningu.

Þetta lokaverkefni er samið af mér undirritaðri. Ég hef kynnt mér *Síðareglur Háskóla Íslands* (2003, 7. nóvember, <http://www.hi.is/is/skolinn/sidareglur>) og fylgt þeim samkvæmt bestu vitund. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Ég þakka öllum sem lagt hafa mér lið með einum eða öðrum hætti en ber sjálf ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni.

Reykjavík, _____. _____ 20__

1 Inngangur

Í þessari í ritgerð mun ég kynna niðurstöður könnunar sem framkvæmd var í samstarfi við skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. Könnunin var liður í því að leita svara við spurningunni “Af hverju eru sum börn ekki skráð á frístundaheimili?”. Það er mikilvægt fyrir fagfólk á vettvangi og aðra sem koma að starfsemi frístundaheimila að vita af hverju sumir foreldrar kjósa að skrá ekki börnin sín á frístundaheimili. Með því að komast að því geta stjórnendur frístundaheimila reynt að bæta það sem þarf til þess foreldrar vilji nýta sér þjónustu frístundaheimilanna. Könnunin var send á úrtak foreldra barna úr 1. – 4. bekk í grunnskóla í Reykjavík sem ekki eru skráð á frístundaheimili. Ég hef sjálf unnið á frístundaheimili síðastliðin fjögur ár og fengið að kynnast starfinu vel. Ég hef einnig fengið tækifæri bæði gegnum nám mitt og starf til þess að heimsækja önnur frístundaheimili bæði í Reykjavík og öðrum bæjarfélögum. Mín reynsla er sú að á frístundaheimilum er boðið upp á skapandi og fjölbreytt starf fyrir börn með mismunandi þarfir.

Á Íslandi þykir mikilvægt að undirbúa fólk fyrir framtíðarstörf og skólakerfið er byggt upp samkvæmt því (Vanda Sigurgeirsdóttir, 2014). Rannsóknir sýna hinsvegar að við eyðum mun meiri tíma í frítíma en við gerum okkur grein fyrir. Samkvæmt Larson (2000) eyðum við tvöfalt meiri tíma í frítíma yfir ævina heldur en í vinnu og skóla samanlagt. Rannsókn Weiskopf (1982) sýnir að einstaklingur sem lifir til 70 ára aldurs eyðir 7,33 árum í vinnu en 27 árum í frítíma. Því skiptir miklu máli hvernig við eyðum frítíma okkar og börn eru engin undantekning.

Margir foreldrar nýta sér þjónustu frístundaheimila í Reykjavík. Yfir 90% barna í fyrsta og öðrum bekk voru skráð á frístundaheimili árið 2016 og yfir 70% í þriðja bekk og 30% í fjórða bekk (Sigrún Sveinbjörnsdóttir, munnleg heimild, 6. mars 2017). Þátttaka hefur aukist á frístundaheimilum á landsvísu en sérstaklega hjá Reykjavík. Fjöldi skráðra barna í fjórða bekk í Reykjavík fór úr 9% árið 2009 upp í 45% árið 2013 (Kolbrún Þ. Pálsdóttir, 2013). Í ljósi þess hve almenn þátttaka barna er orðin á frístundaheimilum, vekur athygli að skoða hvers vegna sum börn taka ekki þátt á frístundaheimilum.

Í þessari ritgerð mun ég einnig rýna í starfsemi frístundaheimila í Reykjavík, skoða á hvaða grunni frístundastarf byggir og hvaða gildi liggja að baki daglegu starfi. Kannanir hafa sýnt að flestir foreldrar eru ánægðir með störf frístundaheimila og börnunum líður vel þar (Reykjavíkurborg, 2015, 3.júní). Ritgerðinni er skipt í sex hluta. Í fyrsta hluta verður fjallað um sögu og þróun frístundaheimila, markmið þeirra og gildi. Í öðrum hluta verður fjallað um rannsóknir og kenningar, gert grein fyrir mikilvægi tómsunda og vináttu, hvernig óformlegt nám á sér stað á frístundaheimilum og viðhorf barna til

frístundaheimila. Í þriðja hluta verður sagt frá aðferðafræði rannsóknarinnar, hvernig upplýsingum var aflað og um úrvinnslu gagna. Síðan verða kynntar helstu niðurstöður rannsóknarinnar í formi mynda og taflna. Að lokum er umræða þar sem niðurstöðurnar eru dregnar saman og skoðaðar í ljósi fyrri rannsókna og kenninga.

2 Um sögu og stefnu frístundaheimila

Við alla grunnskóla í Reykjavík eru starfrækt frístundaheimili (Reykjavíkurborg, e.d.a). Öll frístundaheimili í Reykjavík falla undir frístundamiðstöðvar sem eru fimm talsins: Ársel, Tjörnin, Gufunesbær, Kringlumýri og Miðberg. Megin áherslur frístundamiðstöðva hjá Reykjavíkurborg eru lagðar á barna- og unglingastarf. Félagsmiðstöðvar bjóða upp á starf fyrir börn og unglinga á aldrinum 10-16 ára og frístundaheimili eru starfrækt fyrir börn sex til níu ára að loknum skóladegi (Reykjavíkurborg, e.d.b). Í þessum kafla er fjallað um sögulega þróun frístundaheimila og markmið þeirra eins og þau birtast í stefnu Reykjavíkurborgar og í gæðaviðmiðum mennta- og menningamálaráðuneytisins.

2.1 Þróun frístundaheimila

Upphaf frístundaheimila hefur verið í stöðugri þróun frá árinu 1924, en þá var fyrsta dagheimilið stofnað (Jón Torfi Jónasson, 2006). Grasrótarsamtökin Sumargjöf settu á laggirnar fyrstu dagvistunina fyrir börn eftir skóla og var það kallað skóladagheimili. Þjónustan var þá einungis ætluð einstæðum foreldrum eða foreldrum sem áttu í félagslegum erfiðleikum. Þá var skóladagurinn aðeins nokkrar klukkustundir á dag og skiptust bekkir á því að vera fyrir eða eftir hádegi í skólanum. Árið 1973 voru sett lög um daggæslu barna, þar á meðal ákvæði um rekstur skóladagheimila. Það var ekki fyrr en árið 1993 sem borgarráð ákvað að allir grunnskólar í Reykjavík skyldu bjóða uppá lengda viðveru fyrir börn í fyrsta til fjórða bekk. Árið 2002 var gerð breyting á skipulagi skóladagvista og umsjón þeirra sett undir stjórn íþróttá- og tómstundaráðs Reykjavíkurborgar (ÍTR) (Kolbrún Þ. Pálsdóttir, 2012a). Á sama tíma varð hugtakið „frístundaheimili“ tekið upp í stað „skóladagvista“. Haustið 2011 voru leikskólasvið, menntasvið og íþróttá- og tómstundasvið Reykjavíkurborgar sameinuð og varð til skóla- og frístundasvið Reykjavíkur (SFS), sem nú sér um frístundaheimili og starfsemi þeirra hjá Reykjavíkurborg (Hildur Björk Svavarsdóttir, Kolbrún Vigfúsdóttir og Sigrún Sveinbjörnsdóttir, 2012).

Þann 16.júní 2016 var sett ný lagagrein inn í grunnskólalög þar sem lögð er áhersla á hvernig starfinu skal vera háttað og hvaða gæðaviðmiðum skal fylgja. Þar segir að frístundaheimilin eiga að leggja áherslu á val barnanna, fjölbreytileika og frjálsan leik. Í samráði við Samband íslenskra sveitafélaga gefur ráðuneytið út viðmið um gæði frístundastarfs. Meðal annars um menntun starfsfólks, hlutverk og markmið, stjórnun, starfshætti, skipulag og starfsaðstæður (Lög um grunnskóla nr.91/2008).

Í dag hafa flestir foreldra barna á yngsta stigi grunnskóla tækifæri til þess að skrá börn sín á frístundaheimili (Kolbrún Þ. Pálsdóttir og Valgerður Freyja Ágústsdóttir, 2011).

Samkvæmt 33.gr um lög grunnskóla skulu nemendur geta sótt tólmstunda- og félagastarf. Starfið má vera hluti af starfi skólans eða utan skólatíma. Einnig á að vera kostur fyrir yngstu árganga skólanna að sækja frístundaheimili, þó er heimilt að sveitarfélög reki ekki frístundarheimili ef aðstæður leyfa það ekki. Einnig kemur fram í lögum um grunnskóla að frístundaheimilin skulu vera mótuð af þörfum, þroska og áhuga hvers einstaklings. (Lög um grunnskóla nr.91/2008).

2.2 Markmið og gildi frístundaheimila

Reykjavíkurborg hefur mótað skýra stefnu um frístundaheimilin sem birtast m.a. í starfsskrá frístundamiðstöðva og starfsmannahandbók frístundaheimila. Þar kemur fram að leiðarljós starfsins sé að öll börn fái að þroskast og njóta sín sem einstaklingar. Einnig á umhverfi frístundastarfsins að einkennist af öryggi, virðingu og hlýju. Hvert frístundaheimili notast við lýðræðislega starfshætti til þess að efla börn í að hafa áhrif á umhverfi sitt og móta sjálfstæðar ákvarðanir. Leitast er við að hafa dagskrána í frístundastarfinu sem fjölbreyttasta og nota bæði frjálsan leik og skipulagðan leik til þess að efla þroska í félagsfærni og samskiptum (Reykjavíkurborg, e.d.a). Skipulagt frístundastarfs hefur einnig uppeldisgildi. Reykjavíkurborg skiptir uppeldisgildum starfsins í þrennt: Forvarnargildi, menntunargildi og afþreyingargildi. Forvarnargildi, með því að bjóða uppá skipulagt frístundastarf í öruggu umhverfi og með góðum fyrirmyndum eykur það líkur á að börn og unglingar forðist áhættuhegðun og kjósi frekar heilbrigðan lífstíl. Menntunargildi, þar sem börnin fást við ýmis verkefni og lögð er áhersla á óformlegt nám. Afþreyingagildi, skapaðar eru aðstæður til þess að skemmta sér, hlæja og eiga góðar stundir í góðum hópi (Reykjavíkurborg 2015).

Í gæðaviðmiðum frístundaheimila sem gefin eru út af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu eru markmið fyrir alla þætti frístundastarfs sett upp. Gæðaviðmiðin eru í vinnslu en drög hafa verið gefin út. Gæðaviðmiðunum er skipt í fjögur þemu:

Börnin á frístundaheimilinum, börnin eiga að vera örugg, líða vel, hafa sterka sjálfsmynd og félagsfærni. Börnin eiga að vera virkir þátttakendur í starfinu og hafa tækifæri til þess að hafa áhrif. Mikilvægt að styrkleikar barnanna fái að njóta sín.

Starfshættir og viðfangsefni eiga að vera án aðgreininga og einkennast af öryggi, hlýju og virðingu. Starfshættir eiga einnig að vera lýðræðislegir þar sem frjáls leikur, val og frumkvæði barnanna eru ríkjandi.

Mannauður og faglegt starf skulu einkennast af jákvæðum samskiptum starfsfólks sem koma fram við börnin af umhyggju og virðingu. Starfsfólk á að fá tækifæri til þess að nýta áhugamál sín í starfi og forstöðumaður skal vera uppeldismenntaður.

Bjargir og skipulag, starfsemi frístundaheimila skal vera vel skipulögð og kynnt fyrir bæði börnum og foreldrum. Taka tillit til mismunandi þarfa barna og hafa úrval af efni við til þess að mæta hverju og einu barni (Mennta- menningamálaráðuneytið, 2017).

Ljóst er að frístundaheimili hafa þróast og breyst mikið með tímanum. Áður var starfið hugsað sem daggæsla fyrir börn sem ekki gátu verið heima hjá sér eftir skóla. Nú hefur verið mótuð skýr stefna í frístundastarfi hjá Reykjavíkurborg og er það hluti af mikilvægu tólmundastarfi fyrir börn þar sem gerðar eru kröfur til starfsmanna og um gæði starfsins. Ekki eru öll sveitarfélög komin jafn langt og Reykjavíkurborg í uppbyggingu frístundastarfs en með nýrri lagagrein og gæðaviðmiðum eru settar kröfur um faglegt og skipulagt frístundastarf. Því má segja að ný lagagrein og gæðaviðmið séu stórt skref í rétta átt að betri og bættari frístundaheimilum um land allt. Þar sem starfið er faglegt, skipulagt markvissara og tekið sé mið af því sem skiptir börn máli.

3 Rannsóknir og kenningar

Í þessum kafla verður fjallað um rannsóknir og kenningar sem tengjast frítíma og frístundaheimilum. Farið verður yfir mikilvægi tómsunda, vináttu og óformlegs náms sem á sér stað á frístundaheimilum. Einnig er sagt frá rannsóknum sem tengjast viðhorfum barna til frístundaheimila.

3.1 Mikilvægi tómsunda og vináttu

Þegar skilgreina á hugtakið tómsundir eru fræðimenn almennt sammála um að erfitt sé að skilgreina það. Talað er um að tómsundir séu athafnir og hegðun sem fólk stundar í frítíma. Þó er ekki hægt að kalla ákveðna athöfn tómsund nema hún uppfylli ákveðin skilyrði. Þau eru að einstaklingurinn sjálfur verður að líta á að um tómsund sé að ræða og athöfnin sé frjálst val einstaklingsins og uppskeri jákvæð áhrif og ánægju. (Vanda Sigurgeirsdóttir, 2010). Hægt er að deila um það hvort frístundastarf sé tómsund ef foreldrar skrá barnið sitt á frístundaheimili en barninu langar ekki að vera þar. En aðrir segja að tómsundir megi einnig skilja sem þátttöku í skipulögðu tómsundastarfi á vegum samtaka og stofnanna utan skólatíma, eins og þátttaka á frístundaheimili, í íþróttum og listgreinum (Amalía Björnsdóttir, Baldur Kristjánsson og Börkur Hansen, 2009).

Margar rannsóknir víðs vegar um heiminn hafa sýnt að tómsundir hafa áhrif á andlegan líðan og jákvæðar niðurstöður eru í miklum meirihluta. Lu og Hu (2005) rannsökuðu skammtíma og langtíma áhrif tómsunda á einstaklinga. Niðurstöður sýndu að skammtíma áhrifin voru meðal annars betra skipulag á tíma, jákvæðara hugarfar og líkamlega gott form. Langtíma áhrifin sýndu fram á hamingju, betri heilsu andlega og líkamlega og einnig meiri möguleika til menntunar.

Ljóst er að tómsundir skipta miklu máli í lífi einstaklinga og þess vegna er mikilvægt að nýta frítímamann vel og á uppbyggilegan hátt. Börn eru engin undantekning þegar kemur að mikilvægi frítímans og tómsunda. Leitner og Leitner (2012) segja að með þátttöku í tómsundastarfi efli börn félagslegan og líkamlegan þroska. Tómsundastarf hefur einnig góða forvörn gegn áhættuhegðun, vanlíðan og félagslegri einangrun. Á Íslandi hefur verið rannsakað hvernig börn og unglingar eyða frítíma sínum. Niðurstöðurnar styðja Leitner og Leitner og sýndu að það dragi úr líkum að börn stundi áhættuhegðun séu þau þátttakendur í skipulögðu tómsundastarfi (Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Sigfússon, 2009).

Á skólaárunum eru börn hvað móttækilegust fyrir nýjum lærdómi samkvæmt Erik Erikson. Allir sem vinna með börnum og koma að uppeldi þeirra þurfa að ýta undir frumkvæði og sjálfstæði barnanna. Ekki má bæla niður athafnagleði þeirra heldur hvetja

þau til þess að temja sér iðjusemi (Berger, 2008). Eitt af markmiðum frístundaheimila er að efla börn til þátttöku í lýðræði og hafa áhrif á umhverfi sitt með sjálfstæðum ákvörðunum (Reykjavíkurborg, e.d.a). Skólaárin einkennast af þroska á öllum sviðum, vitsmunalegum, félagslegum og líkamlegum. Hluti af þroska er að ná tökum á ákveðinni færni. Börn á skólaárunum reyna að ná tökum á því eignast vini, viðhalda vináttu og getu til þess að vinna í hóp (Berger 2008). Vinátta er samband sem stofnað er á milli tveggja einstaklinga af fúsum og frjálsum vilja. Að eiga gott vinasamband felur í sér jákvæð samskipti, nánd, tryggð og stuðning (Berndt, 2004). Sjálfstæði barna eflist með vináttu, félagslega eru þau ekki eins háð foreldrum sínum heldur eru vinir mun meira spennandi (Dunn 2004). Bandarísku félagsfræðingarnir Steven R. Asher og Jeffrey G. Parker hafa lengi rannsakað vináttu. Þeir hafa bent á nokkra þætti sem vinátta gefur einstaklingum; Vinátta eflir sjálfstraust og sjálfsvirðingu, veitir traust sambönd, dregur úr tilfinningalegu álagi, veitir félagskap og stuðlar að félagslegum vexti og þroska (Asher og Parker, 1988). Einnig hafa fræðimenn sýnt fram að vinátta stuðlar að auknum vitsmunaproska og betri námsárangri, minnkar líkur á þunglyndi og kvíða og kenni tilfinningalæsi (Ladd, Kochenderfer, og Coleman, 1996).

Í rannsókn Kolbrúnar Þ. Pálsdóttur (2012b) um viðhorf sex til níu ára barna til skóla og frístundaheimila kemur fram að börnum þykir mjög mikilvægt að hafa trausta vini á frístundaheimilinu. Oftast eiga börnin vin úr sama bekk en dæmi eru um að börn úr ólíkum bekkjum og jafnvel úr ólíkum árgangi mynda sterk vinatengsl. Frístundaheimili eru því góður kostur fyrir börn sem eiga erfitt með að eignast vini innan síns bekkjar til þess að eiga meiri möguleika á að mynda ný vinatengsl.

3.2 Viðhorf barna til frístundaheimila

Kolbrún Þ. Pálsdóttir (2012a) rannsakaði hlutverk og stöðu frístundaheimila í Reykjavík út frá sjónarhóli ólíkra hagsmunaaðila. Niðurstöður rannsóknarinnar gáfu til kynna að börn á frístundaheimilum fá tækifæri til þess að taka þátt í fjölbreyttu starfi eftir skóla sem ýtir undir félagslega þátttöku. Börnin tóku þátt í að skapa sitt eigið samfélag, sinn eigin reynsluheim og mynda vinatengsl sem hjálpuðu þeim að fóta sig bæði á frístundaheimilinu og í skólanum. Niðurstöður Kolbrúnar hafa sýnt að börn vilja að frístundaheimilið sé vettvangur sem hvorki á að líkjast skóla né heimili. Börnunum þykir mikilvægt að geta gert hluti á frístundaheimilinu sem ekki eru í boði að gera heima eða í skólanum. Þegar spurt var um hvað börnunum þótti skemmtilegast að gera á frístundaheimilinu nefndu þau flest leiksvæðin sem í boði voru og vildi rannsakandi meina að svörin væru jafn misjöfn og þau voru mörg (Kolbrún Þ. Pálsdóttir, 2012b).

Nýlega var gerð rannsókn á upplifun barna í 3. - 4. bekk á því að vera á frístundaheimili eftir Regínu Jónsdóttur. Börnin sem tóku þátt í rannsókninni voru almennt mjög jákvæð í garð þess að vera á frístundaheimili. Þau töldu þó ekki spennandi að mæta alla daga vikunnar heldur vildu fremur mæta tvo til fjóra daga í viku. Einnig benda niðurstöður hennar að það hefur mikið félagslegt gildi fyrir börnin og þau fá tækifæri til þess að velja sér klúbba og smiðjur eftir áhugasviði. Börnin sem tóku þátt í rannsókn Regínu töluðu um að þeim þótti skemmtilegt á frístundaheimilinu og sum upplifðu létti eftir skóladaginn (Regína Jónsdóttir, 2017).

Í breskri rannsókn nefna börn nokkur atriði sem þeim þykja mikilvæg í frístundastarfi. Þar má nefna að fá að taka þátt í ákvörðunartöku, vera með vinum, mynda tengsl við starfsmenn og hafa áhrif á smiðjur sem eru í boði (Smith og Barker, 2002). Aðrar rannsóknir sýna fram á svipaðar niðurstöður, rannsókn Klerfelt og Haglund (2011) sýnir að mikilvægast fyrir börn á frístundaheimilum sé að hafa vini sína þar.

Í frístundastarfi eru ekki gerðar jafn harðar kröfur og í skólanum um að sitja kyrr og fylgja leiðbeiningum. Börn sem glíma við erfiðleika eins og athyglisbrest, einbeitingaskort og eiga erfitt með nám njóta sín oft vel í frístundastarfi (Kolbún Þ. Pálsdóttir, 2009). Í sænskri rannsókn kemur fram að frístundaleiðbeinendur gera ekki sömu kröfur og kennarar til barna og nota óformlegt mat til þess að greina börnin sem einstaklinga og styrkja þau með mismunandi leiðum. Hafa þarf í huga þegar unnið er með börnum að þau eru hópur af ólíkum einstaklingum sem hafa mismunandi langanir og þarfir, það sem hentar einum hentar ekki endilega öðrum. Þess vegna er mikilvægt að starfsmenn frístundaheimila séu vakandi og með opin hug fyrir áhugamálum barnanna (Kolbrún Þ. Pálsdóttir, 2012b).

Eins og rannsóknir sýna vilja börn hafa áhrif á umhverfi sitt og það sem þau gera á frístundaheimilinu. Þeim þykir einnig mjög mikilvægt að vinir þeirra séu með í frístund. Það er í hlutverki stjórnenda og frístundaleiðbeinenda á frístundaheimilum að passa upp á að börnin upplifi frelsi og rými til þess að hafa áhrif á klúbba og iðjur sem í boði eru. Það er líka mikilvægt að fylgjast með barnahópnum og koma auga á þau börn sem eru eiga enga vini eða eru vinafá. Þá þarf að vinna markvisst að því að hjálpa þeim börnum að skapa tengsl og eignast vini.

3.3 Óformlegt nám

Nám felst í því að einstaklingur breytist og öðlast ný sjónarhorn. Með námi er hægt að hafa áhrif á einstaklinga og veröldina. Það er erfitt að finna aðstæður þar sem ekkert nám á sér stað og hugtakið nám er ekki einungis bundið við skóla. Við erum alltaf að læra, það er hluti af því að vera manneskja (Svingby, 2004). Íslenska skólakerfið er á mestu byggt á formlegu námi (e. formal learning). Sett er fram skipulögð námskrá og unnið er eftir henni til þess að ná ákveðnum markmiðum, náminu lýkur síðan með einkunnargjöf. Ólíkt formlegu námi getur óformlegt nám átt sér stað hvar og hvenær sem er, til dæmis í skipulögðu frístundastarfi eða í daglegu lífi sem ekki hefur verið skipulagt (Colley, Hodkinson og Malcom, 2003).

Eins og áður hefur komið fram hefur skipulagt frístundastarf Reykjavíkurborgar þrjúþætt uppeldisgildi. Eitt af uppeldisgildunum er menntunargildi og undir það fellur óformlegt nám (e. informal education). Með óformlegu námi er unnið að settum markmiðum án þess að það sé á vegum menntastofnanna og tekið sé próf af loknu námi. Á frístundaheimilum fást börnin við skapandi verkefni þar sem lögð er áhersla á frumkvæði og virkni. Með þátttöku í slíkum verkefnum öðlast börnin reynslu sem hægt er að yfirfæra á samfélagið (Reykjavíkurborg, 2015). Óformlegt nám byggir á að þátttakendur skilji og túlki raunverulegar aðstæður (Tissot, 2004).

Börn á aldrinum sex til tíu ára eru í miðbernsku samkvæmt fræðimanninum Erik Erikson. Börn í miðbernsku hafa áhuga á því hvernig hlutir eru búnir til og hvernig þeir virka. Á þessum aldri eru börn hrædd við að mistakast en finna ánægju í velgegni. Mikilvægt er að veita þeim tækifæri til þess að rannsaka áhugasvið sitt og hlutverk leiðbeinenda er að hjálpa börnunum að prófa sig áfram í nýjum aðstæðum (Berger, 2008). Í bókinni *Informal education* eftir Jeffs og Smith (2005) er fjallað um mismunandi aðferðir og hlutverk leiðbeinanda í óformlegu námi. Leiðbeinandinn skapar aðstæður sem hægt er að læra af, notar samtöl til þess að miðla upplýsingum og vinnur með lýðræðislega starfshætti. Allt eru þetta aðferðir til þess ýta undir óformlegt nám.

Eitt af því sem börn læra með óformlegu námi er félagsfærni (e. social competence). Félagfærni er lærð hegðun og lýsir getu fólks til þess að hafa samskipti við aðra. Börn læra félagsfærni af öðrum börnum, foreldrum, systkinum og fleiri einstaklingum sem hafa áhrif á líf þeirra. Mismunandi færni fellur undir félagsfærni, eins og sjálfstjórn og samskiptahæfni. Hægt er að finna fjölmarga kosti þess að vera góð/ur í félagsfærni. Góð félagsfærni barna er til dæmis að geta haft stjórn á tilfinningum sínum og að skiptast á í leikjum. Rannsóknir sýna að börn sem eru félagslega sterk séu almennt

hamingjusamari, með betra sjálfsmat og standa sig betur í skóla en börn með slaka félagsfærni (Kostelnik, Gregory, Soderman og Whiren, 2011).

Á frístundaheimilum á óformlegt nám sér stað bæði skipulagt og sjálfsprottið, meðal annars í leikjum barnanna, í samskiptum milli jafnaldra og starfsfólks. Ljóst er að þátttaka á frístundaheimili gefur börnum möguleika til óformlegs náms á annan hátt heldur en ef þau væru heima hjá sér eftir skóla, vegna aðstæðna sem starfsmenn frístundaheimilanna og jafningjahópurinn skapa til óformlegs náms.

3.4 Geta börn verið ein heima?

Eins og komið hefur fram að framan geta börn hafa mikinn ávinning af því að vera á frístundaheimili (Regína Jónsdóttir, 2017) En einnig er mikilvægt að beina sjónum að því að sum börn vilja heldur fara heim eftir skóla og virðast ánægð með það. Ein finnsk rannsókn frá 2007 bendir til þess að sum börn vilji frekar vera heima eftir skóla heldur en í skipulögðu starfi. Rannsókn sem er eftir Hannele Forsberg og Harriet Strandell (2007) fjallar um tímann eftir skóla og muninn á að eyða honum heima eða í skipulögðu starfi eins og á frístundaheimili eða öðrum tómstundum. Í Finnlandi hefur í auknum mæli þótt athugasvert þegar börn eru ein heima eftir skóla og er oft sagt að vandamálið sé vegna skorts á úrræðum frá stofnunum, frístundaheimilum eða öðrum skipulögðum tómstundum. Áður fyrir þótti það ekki áhyggjuefni að barn eyddi tímanum heima eftir skóla enda var oftast annað foreldri heima, í flestum tilfellum móðir. Mörg börn sem fara heim eftir skóla eyða annað hvort tímanum ein, með eldra systkini eða með vinum úr nágrenninu. Það sem þau gera við tímann sinn er ákveðið af þeim sjálfum eða með foreldrum þeirra (Forsberg og Strandell, 2007).

Öll börnin í rannsókninni höfðu aðgang að skipulögðu tómstundastarfi eftir skóla en flest völdu að ganga frekar heim sjálf. Á meðan rannsókninni stóð var aðeins eitt barn af 31 sem tók þátt í klúbbastarfi reglulega eftir skóla og fjögur börn sögðust stundum taka þátt í klúbbastarfi. Fyrir hin börnin var heimilið þeirra staður sem þau eyddu tímanum eftir skóla. Börnin sem fóru heim gátu leikið sér úti, í herbergjunum sínum sem þau áttu ein eða deildu með systkini og sum áttu tvö heimili eitt hjá móður og annað hjá föður og gátu valið hvert þau færu eða fóru á ákveðið heimili eftir samkomulagi. Með því að vera ein heima gátu börnin notað allt plássið heima hjá sér og alla hluti til þess að athafna sig og með því átt heimilið út af fyrir sig meðan tímanum stóð. Flest börnin höfðu samkomulag við foreldra sína um hversu langt svæðið náði sem þau máttu fara út fyrir heimilið á meðan þau væru eftirlitslaus, sum vildu hafa svæðið stærri en flest börnin voru

ánægð með sitt yfirráðasvæði sem þau höfðu samið um við foreldra sína (Forsberg og Strandell, 2007).


Þessi rannsókn sýnir að það er ekki endilega slæmt þó að barn sé ekki í tómsundum eða á frístundaheimili. Börnunum leið vel heima hjá sér og voru ekki ein heldur með vinum og systkinum. Börnin læra að taka ábyrgð og öðlast meira sjálfstæði. Steinberg (2004) prófessor í sálfræði segir að eitt af því mikilvægasta í uppeldi sé að foreldrar leyfi börnum sínum að sækjast eftir sjálfstæði. Hann segir það vera hluti af eðli manna að vilja lúta eigin stjórn frekar en að hlýða öðrum.

4 Aðferðafræði

Við gagnasöfnun og úrvinnslu rannsóknarinnar var notast við meginlega rannsóknaraðferð (e. Quantitative methods) og lýsandi tölfræði (e. Descriptive statistics). Við meginlegar rannsóknir eru settar fram kannanir eða tilraunir sem byggja á tölulegum upplýsingum og niðurstöðurnar eru birtar með tölum á myndum eða töflum. Með lýsandi tölfræði er fundið hvað er dæmigert fyrir gögnin og mun á einstaklingum í hópnum.

4.1 Þátttakendur

Valdir voru 11 grunnskólar í samstarfi við skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar til þess að taka þátt í könnuninni. Könnunin var send á foreldra barna í 1. - 4. bekk sem ekki voru með barnið skráð á frístundaheimili. Til þess að fá réttmætasta mynd af því af hverju börn eru ekki skráð á frístundaheimili voru valdir einn til tveir skólar úr hverju hverfi í Reykjavík. Könnunin var send á 562 foreldra og bárust 311 svör. Svarhlutfall er því 55,3%. Í flestum tilfellum voru það mæður barnanna sem svöruðu könnuninni en einnig feður og sjaldnast mæður og feður saman.



Mynd 1. Hlutfall foreldra eftir því hver svarar könnuninni.

4.2 Mælitækið

Fulltrúar frá skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar sáu um að senda rafrænan spurningalista (sjá fylgiskjal 1) á netföng foreldra sem ekki eru með barn skráð á frístundaheimili.

Í spurningalistanum voru 14 spurningar. Þátttakendur þurftu ekki að svara öllum spurningunum, til dæmis ef spurningin átti ekki við um þeirra barn eða þátttakendur kusu að svara einstaka spurningum ekki. Á spurningalistanum voru fimm spurningar lokaðar,

þar sem einungis var hægt að svara spurningunum með fyrirfram ákveðnum svarmöguleikum. Sjö spurningar á listanum voru hálf-opnar þar sem hægt var að svara með fyrirfram ákveðnum svarmöguleikum eða bæta við svarmöguleika þar sem þátttakandinn svaraði ef hinir svarmöguleikarnir áttu ekki við. Einnig voru í spurningalistanum tvær opnar spurningar þar sem þátttakendur gátu skrifað athugasemdir.

Spurningalistanum var skipt í þrjú hluta. Í fyrsta hlutanum voru fjórar spurningar. Spurt var um í hvaða skóla og bekk barnið væri í, kyn barnsins og hver svaraði spurningalistanum. Í öðrum hluta voru fimm spurningar. Þar var skoðaður bakgrunnur foreldaranna. Spurt var um hvaða tungumál væri talað á heimilinu, hvaða menntun foreldarnir höfðu klárað og hver staða þeirra væri á vinnumarkaði. Svarað var fyrir báða foreldara ef það átti við. Í þriðja hluta spurningalistans voru fjórar spurningar. Spurt var um ástæður þess hvers vegna barnið væri ekki skráð í frístund, hvort að foreldarnir vildu að barnið væri í frístund og ef að aðstæður væru aðrar hvort að barnið væri þá skráð í frístund. Í lokin bætti skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar við einni spurningu þar sem spurt var um hvort að þátttakendur vildu koma einhverju á framfæri til sviðsins.

4.3 Framkvæmd og úrvinnsla gagna

Gagnasöfunin fór fram á tímabilinu 22. mars – 15. apríl 2017. Rafrænn spurningalisti var sendur á netföng þátttakenda. Fyrstu niðurstöður úr könnuninni komu 4. apríl 2017 og þá höfðu 292 þátttakendur svarað. Spurningalistinn var fyrst sendur á annað foreldri barns og ef ekki barst svar frá því foreldri var könnunin send á hitt foreldri barnsins 5. apríl 2017. Tölfræði- og rannsóknarþjónusta skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar sá um úrvinnslu á gögnum.

4.4 Siðfræðileg atriði

Könnunin var hluti af gæðamati á vegum Reykjavíkurborgar á eigin starfsemi og markmið hennar að afla upplýsinga í því skyni að bæta þjónustu fyrir fjölskyldur. Þátttakendur höfðu val um þátttöku og nöfn þeirra koma hvergi fram. Spurningarnar lutu fyrst og fremst að viðhorfum foreldra til þess hvað hindraði eða studdi við þátttöku barna þeirra á frístundaheimili. Ekki var safnað persónugreinalægum upplýsingum og lagt kapp á að niðurstöður könnunar myndu gagnast þátttakendum, s.s. með því að kanna hvernig hægt væri að koma betur til móts við þennan hóp foreldra og barna.

5 Niðurstöður könnunar

Hér verða kynntar helstu niðurstöður könnunarinnar. Farið er yfir bakgrunn þátttakenda og hvaða ástæður höfðu áhrif á ákvörðun foreldara að skrá barnið ekki á frístundaheimili. Einnig verða einstaka ástæður skoðaðar út frá bekk barna. Niðurstöðurnar verða settar fram með myndum og töflum.

5.1 Bakgrunnur þátttakenda

Á töflu 1 má sjá hvaða menntun foreldrar barnanna hafa lokið. Nokkuð jöfn skipting var á menntunarstigum foreldranna en aðeins fleiri höfðu lokið við annað hvort stúdentspróf/iðnmenntun eða fyrstu háskólagráðu heldur en foreldrar sem höfðu einungis klárað grunnskólapróf.

Tafla 1. Menntun foreldra.

Menntun	Foreldri 1	Foreldri 2	Samtals
Grunnskólapróf	16%	19%	17%
Stúdentspróf/iðnmenntun	23%	29%	25%
Fyrsta háskólagráða (BA/BS)	27%	24%	26%
Framhaldsgráða í háskóla	23%	20%	22%

Á töflu 2 má sjá hver staða foreldra var á vinnumarkaði. Yfir 70% foreldranna voru í fullu starfi. Af þeim foreldrum sem ekki voru í fullu starfi voru flestir í hlutastarfi en nokkrir heimavinnandi, í atvinnuleit eða í námi.

Tafla 2. Staða foreldra á vinnumarkaði.

Staða á vinnumarkaði	Foreldri 1	Foreldri 2	Samtals
Er í fullu starfi	65%	84%	73%
Er í hlutastarfi	15%	6%	11%
Er heimavinnandi	6%	2%	4%
Er atvinnulaus/ í atvinnuleit	2%	1%	2%
Er í námi	6%	2%	4%


Hjá börnum sem ekki voru skráð á frístundaheimili var í flestum tilvikum töluð íslenska á heimilinu. Önnur tungumál sem nefnd voru í könnuninni voru pólska, enska og filippíska.

Tafla 3. Tungumál töluð á heimilinu.

Hvaða tungumál er talað á heimilinu?	
Íslenska	71%
Pólska	10%
Íslenska og enska	3%
Íslenska, pólska og enska	1%
Íslenska, filippíska og enska	1%

5.2 Aldur og kyn


Flest barnanna sem ekki voru skráð á frístundaheimili voru í 4. bekk. Mynd 2 sýnir að innan við 5% barnanna sem ekki voru skráð á frístundaheimili voru í 1. bekk. Vegna þess hve lítið hlutfall barna er í fyrsta bekk er erfitt að alhæfa niðurstöður rannsóknarinnar á þann árgang. Aðeins fleiri börn úr 2. bekk voru ekki skráð á frístundaheimili og hlutfall óskráðra barna var mun meira í 3. bekk og hæst í 4. bekk.



Mynd 2. Fjöldi barna sem ekki eru skráð á frístundaheimili eftir bekk.

Þrátt fyrir að flest börn sem ekki eru skráð á frístundaheimili séu í 3. eða 4. bekk hefur þátttaka á frístundaheimilum hjá átta til níu ára börnum aukist. Árið 2008 voru 28% barna í þriðja bekk skráð á frístundaheimili og 6% í fjórða bekk, árið 2016 hafði þátttaka aukist upp í 71% í þriðja bekk og 35% í fjórða bekk (Regína Jónsdóttir, 2017).

Mynd 3 sýnir að kynjadreifing barnanna var nokkuð jöfn, þó að ívið fleiri drengir virðist ekki vera skráðir á frístundaheimili.



Mynd 3. Hlutfall kynja.

5.3 Hvers vegna er barnið ekki skráð á frístundaheimili í vetur?


Spurt var um hvers vegna barnið væri ekki skráð á frístundaheimili og gefnar voru upp tíu mögulegar ástæður og foreldarnir beðnir um að svara hversu mikil áhrif hver og ein ástæða hafði á ákvörðun þeirra að hafa barnið ekki í frístund. Tafla 4 gefur yfirlit yfir ólíkar ástæður og hvaða áhrif þær höfðu á ákvörðun foreldrana.

Tafla 4. Ástæður þess að barnið er ekki skráð á frístundaheimili.

	Engin áhrif	Mjög lítil áhrif	Frekar lítil áhrif	Frekar mikil áhrif	Mjög mikil áhrif
Foreldri er heimavinnandi	54%	6%	6%	9%	15%
Kostnaður við þjónustuna	39%	11%	10%	14%	20%
Barnið fékk ekki pláss á frístundaheimilinu í haust	77%	2%	4%	4%	2%
Barninu fannst ekki gaman á frístundaheimilinu	14%	5%	7%	22%	49%
Barninu leið illa á frístundaheimilinu	40%	9%	16%	15%	13%
Ég tel starfið ekki nægilega faglegt	39%	10%	11%	16%	14%
Ég treysti barninu til að vera eitt heima	18%	4%	10%	24%	41%
Barnið stundar aðrar tómstundir eftir skóla	24%	5%	15%	20%	32%
Barnið fer heim með eldra systkini	56%	4%	4%	12%	19%
Vinir barnsins eru ekki á frístundaheimilinu	29%	7%	6%	21%	33%

Algengasta ástæðan fyrir því að barn var ekki skráð á frístundaheimili var að barninu þótti ekki gaman á frístundaheimilinu, en 173 þátttakendur sögðu það hafa frekar eða mjög mikil áhrif. Einnig sögðust margir foreldrar treysta barninu sínu til þess að vera eitt heima. Það hafði áhrif að vinir barnsins væru ekki á frístundaheimilinum og foreldrar sögðu barnið sitt vera í öðrum tómstundum.

Á mynd 4 má sjá fjórar helstu ástæður þess að barn var ekki skráð á frístundaheimili.



Mynd 4. Ástæður sem höfðu frekar og mjög mikil áhrif á að barn var ekki skráð á frístundaheimili.

Á töflum 5-8 eru ástæðurnar fjórar á mynd 4 sýndar út frá bekk. Þegar skoðað var í hvaða bekk börn þátttakendanna væru sem svöruðu að barninu þætti ekki gaman á frístundaheimilinu (frekar eða mjög mikil áhrif) kom í ljós að flest börnin eru í 3. eða 4. bekk. Enginn þátttakandi sagði að það hefði mjög mikil áhrif að barninu þætti ekki gaman á frístundaheimilinu ef barnið var í 1. bekk og tveir (20%) sögðu það hafa frekar mikil áhrif.

Tafla 5. Ástæðan „Barninu fannst ekki gaman á frístundaheimilinu“ eftir bekk.

<i>Barninu fannst ekki gaman á frístundaheimilinu</i>	<i>1. bekk</i>	<i>2. bekk</i>	<i>3. bekk</i>	<i>4. bekk</i>
Engin áhrif	60,0%	22,2%	16,9%	7,4%
Mjög lítil áhrif		5,6%	3,9%	5,2%
Frekar lítil áhrif		16,7%	5,2%	8,1%
Frekar mikil áhrif	20,0%	27,8%	26,0%	19,3%
Mjög mikil áhrif		27,8%	45,5%	58,5%

Svipaðar niðurstöður komu í ljós þegar skoðað var út frá bekk „Vinir barnsins eru ekki á frístundaheimilinu“. Á tölfu 6 má sjá að ekki séu mikil áhrif hjá fyrsta og öðrum bekk en verður mun meiri hjá börnum í þriðja og fjórða bekk.

Tafla 6. Ástæðan „Vinir barnsins eru ekki á frístundaheimilinu“ eftir bekk.

<i>Vinir barnsins eru ekki á frístundaheimilinu</i>	<i>1. bekk</i>	<i>2. bekk</i>	<i>3. bekk</i>	<i>4. bekk</i>
Engin áhrif	70,0%	52,9%	37,7%	18,9%
Mjög lítil áhrif		17,6%	8,7%	4,7%
Frekar lítil áhrif			10,1%	4,7%
Frekar mikil áhrif	10,0%	11,8%	17,4%	25,2%
Mjög mikil áhrif	10,0%	5,9%	18,8%	45,7%

Tæplega helmingur foreldra sögðust treysta barninu til þess að vera eitt heima. Það hafði frekar eða mjög mikil áhrif hjá foreldrum barna í 3. bekk og 4. bekk.


Tafla 7. Ástæðan „Ég treysti barninu til að vera eitt heima“ eftir bekk.

<i>Ég treysti barninu til að vera eitt heima</i>	<i>1. bekk</i>	<i>2. bekk</i>	<i>3. bekk</i>	<i>4. bekk</i>
Engin áhrif	50,0%	31,3%	16,7%	14,1%
Mjög lítil áhrif		12,5%	4,2%	3,7%
Frekar lítil áhrif		12,5%	13,9%	8,1%
Frekar mikil áhrif	20,0%	12,5%	22,2%	25,9%
Mjög mikil áhrif		25,0%	40,3%	45,9%

Ein af helstu ástæðum þess að barn var ekki skráð á frístundaheimili var að barnið stundaði aðrar tómstundir eftir skóla. Það hafði frekar mikil áhrif hjá foreldrum barna í þriðja og fjórða bekk.

Tafla 8. Ástæðan „Barnið stundar aðrar tómstundir eftir skóla“ eftir bekk.

<i>Stundar aðrar tómstundir e.skóla</i>	<i>1. bekk</i>	<i>2. bekk</i>	<i>3. bekk</i>	<i>4. bekk</i>
Engin áhrif	36,4%	11,8%	29,7%	22,0%
Mjög lítil áhrif		17,6%	4,1%	5,1%
Frekar lítil áhrif	9,1%	35,3%	9,5%	15,3%
Frekar mikil áhrif	27,3%	23,5%	16,2%	22,0%
Mjög mikil áhrif	9,1%		37,8%	35,6%



Mynd 5. Væri barnið skráð á frístundaheimili ef aðstæður væru aðrar?

Að lokum var spurt var hvort foreldrar myndu vilja að barnið sitt væri á frístundaheimili og rúmlega helmingur foreldra svöruðu því játandi. Einnig var spurt um hvað þyrfti að koma til svo að barnið yrði skráð á frístundaheimili. Þar gátu foreldrar hakað við þrjá fyrirfram ákveðna svarmöguleik eða „annað, hvað?“ og skrifað svör sín í textabox. 57 foreldrar skrifuðu svör og hér að neðan má sjá nokkur dæmi:

- „Vinir væru í frístund“
- „Að fylgst væri betur með þeim“
- „Að íþróttarútur væru einnig til staðar“
- „Að vinir barnsins væru þar og að eitthvað skemmtilegt að gera væri í boði“
- „Bara áhugi barnsins að mæta“
- „Ef ég væri útvinnandi“
- „Ef það kostaði ekki sama að vera í 1 klst og að vera í 4 klst“
- „Minni hávaði“
- „Að það mætti gera heimavinnuna á frístundaheimilinu“

6 Umræða

Í þessum kafla verða niðurstöður rannsóknarinnar dregnar saman og ræddar í ljósi fyrri rannsókna. Leitast verður eftir að draga ályktanir af helstu ástæðum fyrir því að foreldrar skráðu ekki barnið sitt á frístundaheimili. Jafnframt verður leitast við að draga saman hagnýtan lærdóm af þessari könnun.

6.1 Aldur og kyn

Foreldrar 311 barna tóku þátt í könnuninni og af 311 börnum sem ekki eru skráð á frístundaheimili eru 168 þeirra í 4. bekk, sem er yfir helmingur barnanna. Það má draga þá ályktun að foreldrar barna í 1. – 2. bekk telji þau vera of ung til þess að vera ein heima og nýta sér frekar þjónustu frístundaheimila, en foreldrar barna í 3. – 4. bekk geti frekar hugsað sér að börnin séu ein heima og treysta þeim frekar til þess að taka ábyrgð.

Vitsmunaproski átta til níu ára barna eykst til muna og hafa fræðimenn sýnt að þau fara að ná betri tókum á rökhugsun. Á þessum aldri eru börn farin að skilja flóknari leikreglur og geta hugsað um fleira en eitt í einu. Einnig læra þau ekki einungis af uppaldum sínum heldur líka í gegnum umhverfi og samskipti við jafnaldra. Álit foreldra fer að skipta minna máli og börnin fara að bera sig saman við skoðanir og afrek jafningja (Berger, 2008). Draga má þá ályktun að aukinn þroski barna sé ein af megin ástæðum fyrir því að eldri aldurshópnum þygi ekki jafn spennandi að vera á frístundaheimili og yngri börnum. Ef frístundaheimilið býður ekki uppá það sem börnin hafa áhuga á og hentar þeirra þroska og getu finnst þeim ekki gaman þar.

Í niðurstöðum kemur fram að hlutfall stúlkna og drengja sem ekki voru skráð á frístundaheimili var nokkuð jafnt, þó aðeins fleiri drengir. Það eru jákvæðar niðurstöður og út frá þeim má áætla að ekki sé gert upp á milli kynjanna og klúbbarnir henti jafnt báðum kynjum.

6.2 Mikilvægast að hafa vinina á frístundaheimilinu

Algengasta ástæðan fyrir því að barn er ekki skráð á frístundaheimili er að barninu þótti ekki gaman á frístundaheimilinu, en 56% (173) foreldrar sögðu það hafa frekar eða mjög mikil áhrif. Um 39% (121) foreldra sögðu að það hefði frekar eða mjög mikil áhrif að vinir barnsins væru ekki á frístundaheimilinu. Út frá niðurstöðunum og fyrri rannsóknum má draga þá ályktun að þessar tvær ástæður *barninu þótti ekki gaman á frístundaheimilinu* og *vinir barnsins eru ekki á frístundaheimilinu* tengist. Barni sem á enga vini á frístundaheimilinu finnst líklegast ekki gaman og þar af leiðandi sýnir ekki áhuga á starfinu. Eins og komið hefur fram þykir börnum mjög mikilvægt að vinirnir séu líka á

frístundaheimilinu (Regína Jónsdóttir, 2017). Þegar ástæðan *barninu þótti ekki gaman á frístundaheimilinu* var skoðuð út frá þessum urðu áhrifin meiri eftir því sem börnin urðu eldri. En rannsóknir hafa sýnt að eftir því sem börn verða eldri skipta vinirnir meira máli og börnin eru ekki eins háð foreldrum sínum (Dunn, 2004).

Það væri forvitnilegt að kanna það nánar af hverju börnum þykir ekki gaman á frístundaheimilum, til þess að sjá hvaða fleiri ástæður séu fyrir því heldur en að vinirnir séu ekki skráðir. Ég velti því fyrir mér hvort að sum börn segi foreldrum sínum að þeim finnist ekki gaman en ástæðan sé í raun eitthvað sem ristir dýpra eins og að þeim líður ekki vel á frístundaheimilinu. Börn eru eins misjöfn eins og þau eru mörg og ekki er hægt að gera ráð fyrir að það sem henti einu barni henti öllum börnum, til dæmis börnum með greiningar. Börn með einhverfu eru mörg mjög viðkvæm fyrir hljóðum og hávaða (The National Autistic Society, 2012) og á stórum frístundaheimilum þar sem barnafjöldi er mikill verður oft hávaði. Nokkir foreldrar nefndu að það hefði verið mikill hávaði á frístundaheimilinu en myndu vilja skrá barnið á frístundaheimili ef hávaðinn væri minni. Einnig má nefna börn með kvíða eða félagsfælni, en þeim börnum líður oft illa í félagslegum aðstæðum og óttast frammistöðu sína (Silverman og Ginsburg, 1998) og á frístundaheimilum eru settar upp ýmsar félagslegar aðstæður í gegnum leiki og klúbba sem getur reynst sumum börnum mjög erfitt.

Þegar spurt var að því hvort foreldrar myndu vilja að barnið væri skráð á frístundaheimili ef aðstæður væru aðrar svaraði rúmlega helmingur (51%) því játandi. Þau sem svöruðu játandi voru beðin um að svara því hvað þyrfti að koma til svo barnið yrði skráð á frístundaheimili. Þar nefndu foreldrar helst að barnið væri skráð ef vinir þess væru líka skráðir á frístundaheimili og ef barnið sýndi áhuga fyrir því að mæta. Nokkrir foreldrar nefndu einnig að barnið þeirra væru í öðrum tómsundum eftir skóla og aðrir nefndu að þau hefðu sjálf verið ánægð með frístundastarfið en barnið hefðu ekki viljað vera skráð. Þessar niðurstöður eru í samræmi við rannsókn frá árinu 2008 þar sem kannað var tómsundaiðkun og frístundir barna. Þar kom fram að 92% foreldra sem tóku þátt í könnuninni töldu mikilvægt að börnin þeirra væru þátttakendur í skipulögðu tómsundastarfi (Amalía Björnsdóttir, Baldur Kristjánsson og Börkur Hansen, 2009).

Vert er að nefna að þó börn séu ekki skráð á frístundaheimili þarf það ekki endilega að þýða að þau fari bara heim og séu ein þar. Mörg börn sem ekki eru skráð á frístundaheimili stunduðu aðrar tómsundir eftir skóla en 37% (116) foreldrar sögðu að það hefði frekar eða mjög mikil áhrif að barnið stundaði aðrar tómsundir eftir skóla og þess vegna væri það ekki skráð á frístundaheimili. Í rannsókn Amalíu Björnsdóttur, Baldurs Kristjánssonar og Börks Hansen (2009) kemur fram að stór hluti barna tekur þátt í

tómstundum eins og íþróttum og listum utan skólatíma. Samkvæmt þeirra niðurstöðum voru 80% barna í fyrsta bekk og 89% barna í þriðja bekk í skipulögðu tómstundastarfi. Samkvæmt niðurstöðum Amalíu og félaga má telja að foreldrar vilji að börnin þeirra taki þátt í skipulögðu tómstundastarfi og geri sér grein fyrir því að athafnir eftir skóla gegna líka mikilvægu hlutverki í þroska barna, hvort sem það er á frístundaheimili eða í öðrum skipulögðum tómstundum.

6.3 Biðlistar

Ástæðan *barnið fékk ekki pláss á frístundaheimili í byrjun haust* hafði samkvæmt niðurstöðum minnst áhrif á ákvörðun foreldra um að barnið yrði ekki skráð á frístundaheimili. Mikilvægt er að hafa í huga að haustið 2016 voru miklir biðlistar á frístundaheimilin í Reykjavík vegna þess hve illa gekk að ráða í störf frístundaleiðbeinenda. Þann 26. september 2016 þegar liðnar voru nokkar vikur af starfinu átti ennþá eftir að ráða 108 starfsmenn á frístundaheimili víðsvegar um borgina (Reykjavíkurborg, 2016). Þessar niðurstöður komu á óvart og bjóst höfundur við í byrjun rannsóknarferlisins að þessi ástæða myndi hafa mun meiri áhrif á ákvörðun foreldra en hún gerði í raun.

6.4 Hagnýtur lærdómur

Draga má hagnýtan lærdóm af niðurstöðunum þessarar könnunar. Það kemur greinilega fram að börnum þykir mikilvægast að vinir þeirra séu líka á frístundaheimilinu. Án þeirra er ekki gaman í frístund. Þetta er í samræmi við kenningar um mikilvægi jafningjahópsins og fyrri rannsóknum á viðhorfum barna. Ég tel það vera mikilvægt fyrir stjórnendur og starfsmenn frístundaheimila að vera vakandi yfir barnahópnum, kanna hvaða börn eru að leika saman og hvaða börn eru ein. Grípa þarf strax inn í og hjálpa börnum sem eiga fáa eða enga vini að mynda vinatengsl. Það er hægt með því til dæmis að komast að því hverju barnið hefur áhuga á og stofna klúbb í kringum áhugasvið barnsins og bjóða öðrum börnum að taka þátt í klúbbnum. Einnig er hægt að finna barn sem er félagslega sterkt og biðja það um að bjóða barninu sem er eitt að vera með í leik og jafnvel para saman þessa tvo einstaklinga og gefa þeim verkefni eins og að hjálpa til í sídegishressingu.

Það kemur einnig í ljós í niðurstöðum þessarar könnunar að eftir því sem börnin verða eldri minnkar áhugi þeirra fyrir því að vera á frístundaheimili. Ég tel að hægt sé að efla áhuga barnanna með því að gefa þeim meira frelsi, til dæmis með því að leyfa þeim að koma með hugmyndir af klúbbum og jafnvel að stjórna eigin klúbbum þar sem frístundaleiðbeinandi er þeim innan handar en er ekki stjórnandi.

Niðurstöður úr könnuninni eru mikilvægar fyrir stefnumótunaraðila frístundaheimila og fagfólk sem skipuleggur starfið. Skilaboðin sem verkefnið skilur eftir sig er mikilvægi

Þess að foreldrar og fagfólk í frístundastarfi hlusti á skoðanir barna og komi til móts við þarfir þeirra. Kanna þarf nánar hvað börn í þriðja og fjórða bekk hafa áhuga á og hvað skiptir þau máli. Næsta skref í átt að betra frístundastarfi fyrir skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar gæti verið að rannsaka hvað börn á þessum aldri vilja gera á frístundaheimilinu og hvað þyrfti að breytast til þess að börnin hefðu áhuga á því að vera skráð.

7 Lokaorð

Þetta verkefni hefur verið krefjandi en á sama tíma virkilega skemmtilegt. Ég hef bætt við mig þekkingu á ýmsum sviðum og geng sátt frá borði. Með góðu samstarfi við leiðbeinanda minn og skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar varð verkefnið að veruleika og er ég þeim virkilega þakklát.

Markmið þessarar ritgerðar var kanna af hverju sumir foreldrar kjósa að skrá ekki barnið sitt á frístundaheimili og tel ég að það hafi tekist nokkuð vel. Ég vona að stefnumótunaraðilar og stjórnendur frístundaheimila sem og aðrir starfsmenn sem koma að frístundastarfi geti notið góðs af þessu verkefni þegar unnið er að uppbyggingu frístundastarfs. Mér þykir mikilvægt að öll börn fái tækifæri til þess að hafa áhrif á líf sitt og umhverfi, til dæmis með því að taka þátt í ákvörðun um að vera á frístundaheimili og/eða í öðrum tómstundum.

Ljóst er að rannsaka þarf betur hvað börn vilja gera í frístundastarfi. Það væri fróðlegt að taka einstaklings viðtöl bæði við börn sem eru á skráð frístundaheimili og börn sem hafa hætt þátttöku á frístundaheimili. Þannig væri hægt að afla meiri upplýsinga um hvað börn hafa áhuga á og hvað þeim þykir mikilvægt að sé í boði á þeirra frístundaheimili. Mögulega væri hægt að koma í veg fyrir að börn hætti á frístundaheimili og koma til móts við þau börn sem hafa hætt þátttöku en gætu hugsað sér að taka þátt á ný.

Að lokum vil ég nefna eitt af því sem mér þykir vera lykilatriði í frístundastarfi. Það eru góð samskipti milli starfsmanna frístundaheimila og foreldra. Mín reynsla er sú að vel upplýstir foreldrar eru ánægðir og þora frekar að leita til starfsmanna með hugmyndir, mál barna sinna og önnur mál sem koma frístundaheimilinu við.

Heimildaskrá

- Amalía Björnsdóttir, Baldur Kristjánsson og Börkur Hansen. (2009). *Tíminn eftir skóla skiptir líka máli. Um tómstundir og frítíma nemenda í 1., 3., 6. og 9. bekk grunnskóla*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2009/010/index.htm>
- Berger, K. S. (2008). *The developing person through the life span* (7. útgáfa). New York: Worth Publishers.
- Berndt, T. J. (2004). *Children's friendships: Shifts over a half-century in perspectives on their development and their effects*. Merrill-Palmer Quarterly, 50(3), 206-223
- Colley, H., Hodkinson, P. og Malcolm, J. (2003). *Non-formal learning: Mapping the conceptual terrain. A consultation report*. Sótt 13. desember 2017 af http://infed.org/archives/etexts/colley_informal_learning.htm
- Dunn, J. (2004). *Children's friendships-the beginnings of intimacy*. Malden: Blackwell publishing.
- Hannele Frosberg og Harriet Strandell. (2007) After school hours and the meanings of Home: Re-defining Finnish childhood space. *Children's Geographies*, 5(4), 393-408.
- Hildur Björk Svavarsdóttir, Kolbrún Vigfúsdóttir og Sigrún Sveinbjörnsdóttir. (2012). *Stefna og starfsáætlun skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar*. Reykjavík: Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar.
- Jeffs, T. og Smith, M. K. (2005). *Informal education: Conversation, democracy and learning* (3. útgáfa). Nottingham: Educational Heretics.
- Jón Torfi Jónasson. (2006). *Frá gæslu til skóla. Um þróun leikskóla á Íslandi*. Rannsóknarstofa um menntakerfi.
- Klerfelt, A. og H B. (2011). S – ä med fritids [Discussion walks – narratives of children on the meaning of leisure-time centre]. Í A. Klerfelt & B. Haglund (ritstj.), *Fritidspedagogik. Fritidshemmets teorier och praktiker*, (bls. 155–181).
- Kolbrún Þ. Pálsdóttir. (2009). Frístundaheimili fyrir sex til níu ára börn í reykvísku skólasterfi. *Uppeldi og menntun*, 18 (1), 81-87.
- Kolbrún Þ. Pálsdóttir. (2012a). *Care, learning and leisure: The organisational identity of afterschool centres for six-to nine-year old children in Reykjavík* (doktorsritgerð, Háskóli Íslands, Reykjavík). Sótt af <https://skemman.is/bitstream/1946/16754/1/phd%20thesis%20palsdottir.pdf>

- Kolbrún Þ. Pálsdóttir. (2012b). Viðhorf sex til sjö ára barna til skóla og frístundaheimilis. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), Raddir barna (bls. 179-202). Reykjavík: RannUng og Háskólaútgáfan.
- Kolbrún Þ. Pálsdóttir. (2014). *Könnun á starfsemi frístundaheimila haustið 2013*. Sótt af http://www.samband.is/media/skolamal/SKYRSLA_Konnun_Lengd-vidvera_2013.pdf
- Kolbrún Þ. Pálsdóttir og Valgerður Freyja Ágústsdóttir. (2011). Gæði eða geymsla. Um frístundaheimili og skóladagvistun fyrir 6-9 ár börn á Íslandi. *Netla: Veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2011/alm/003.pdf>
- Kolbrún Þ. Pálsdóttir og Vanda Sigurgeirsdóttir. (2014). *Mat á starfsemi frístundaheimila og félagsmiðstöðva ÍTH vorið 2014*. Sótt af https://skemman.is/bitstream/1946/20007/1/Matsskyrsla_%20ITH%202014.pdf
- Kostelnik, M., Gregory, K., Soderman, A. og Whiren, A. (2011). *Guiding children's social development and learning*. New York: Wadsworth Gengage Learning
- Ladd, G. W., Kochenderfer, B. J., & Coleman, C. C. (1996). Friendship quality as a predictor of young children's early school adjustment. *Child Development*, 67(3), 1103-1118.
- Larson, R. W. (2000). Toward a psychology of positive youth development. *American Psychologist*, 55(1), 170.
- Lu, L. og Hu, C. H. (2005). Personality, leisure experiences and happiness. *Journal of Happiness Studies*, 6(3), 325-342.
- Lög um grunnskóla nr 91/2008.
- Mennta- og menningamálaráðuneytið. (2017). *Árangursmarkmið og árangursviðmið fyrir frístundastarf á frístundaheimilum fyrir 6 -9 ára börn*. Sótt af http://www.fiaet.is/Files/Skra_0077120.pdf
- Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Sigfússon. (2009). *Ungt fólk 2009. 8., 9. og 10. bekkur. Menntun, menning, tómstundir, íþróttaiðkun og framtíðarsýn ungmenna á Íslandi*. Reykjavík: Rannsóknir og greining.
- Regína Jónsdóttir. (2017). *Það er eiginlega allt skemmtilegt en mjög lítið leiðinlegt: Eiginleg rannsókn á upplifun 8-9 ára barna og forstöðumanna á gildi frístundaheimila (óútgefin meistararitgerð)*. Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Reykjavíkurborg. (e.d.a). *Frístundaheimili*. Sótt af <http://reykjavik.is/fristundaheimili>

- Reykjavíkurborg. (e.d.b). *Frístundamiðstöðvar*. Sótt af <http://reykjavik.is/thjonusta/fristundamidstodvar>
- Reykjavíkurborg. (2015, 3. júní). *Ánægja með þjónustu frístundaheimilanna*. Sótt af <http://reykjavik.is/frettir/anaegja-med-thjonustu-fristundaheimilanna>
- Reykjavíkurborg. (2015). *Starfsskrá frístundaheimila*. Sótt af http://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_thjonustulysingar/starfsskra_fristundamidst_2015-lores_0.pdf
- Reykjavíkurborg. (2016). *Vel á fimmta þúsund börn komin á frístundaheimili*. Sótt af <http://reykjavik.is/frettir/vel-fimmta-thusund-born-komin-fristundaheimili>
- Silverman, R.K. og Ginsburg, G.S. (1998). Anxiety disorders. Í T.H. Ollendick og M. Hersen (Ritstjórar), *Handbook of child psychopathology*. New York: Plenum Press.
- Smith, F. og Barker, F. (2002). Out of school clubs at the boundary of home and school. Í R. Edwards (ritstjórar), *School's Out. Children, Home and School. Regulation, Autonomy or Connection?* London: Routledge and Falmer.
- Svingby. (2004). *Vad har du lart idag? – en idébok um framtíðens larande*. Swerge: KK-stiftelsen.
- Steinberg, L. (2004). *The 10 basic principles of good parenting*. New York: Simon and Schuster Paperbacks.
- The National Autistic Society. (2012). *Autism spectrum disorders – A resource pack for school staff*. How can I help children with an ASD at my school. (bls. 7-11). Sótt af : <http://www.autism.org.uk/>
- Tissot. (2004). *Terminology of vocational training – A multilingual glossary for enlarged Europe*. Luxembourg: Office for Official Publications of the European Communities.
- Vanda Sigurgeirsdóttir. (2014). Tómsundamenntun. *Uppeldi og menntun*, 23(1), 91-97.
- Vanda Sigurgeirsdóttir. (2010). Skilgreining á hugtakinu tómsundir. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010*. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2010/025.pdf>
- Weiskopf, D. C. (1982). *Recreation and leisure: Improving the quality of life* (2. útgáfa). Boston: Allyn and Bacon.

Viðauki 1: Spurningalisti

Í hvaða skóla er barnið?

1. Austurbæjarskóla
2. Árbæjarskóla
3. Breiðholtsskóla
4. Fellaskóla
5. Fossvogsskóla
6. Hólabrekkuskóla
7. Húsaskóla
8. Ingunnarskóli
9. Melaskóla
10. Rimaskóla
11. Vogaskóla

Kyn barns

1. Stúlka
2. Drengur
3. Annað, hvað? _____

Í hvaða árgangi er barnið?

1. Fyrsta bekk
2. Öðrum bekk
3. Þriðja bekk
4. Fjórða bekk

Hver svarar könnuninni?

1. Móðir
2. Faðir
3. Bæði móðir og faðir
4. Annar

Hvað er síðasta lokapróf foreldris 1?

1. Grunnskólapróf
2. Stúdentspróf/lönnmenntun
3. Fyrsta háskólagráða (t.d. BA/BS)
4. Framhaldsgráða í háskóla
5. Á ekki við/Vil ekki svara
6. Annað, hvað? _____

Hvað er síðasta lokapróf foreldris 2?

1. Grunnskólapróf
2. Stúdentspróf/lönnmenntun
3. Fyrsta háskólagráða (t.d. BA/BS)
4. Framhaldsgráða í háskóla
5. Á ekki við/Vil ekki svara

6. Annað, hvað? _____

Hver er atvinnustaða foreldris 1?

1. Er í fullu starfi
2. Er í hlutastarfi
3. Er heimavinnandi
4. Atvinnulaus/Í atvinnuleit
5. Er í námi
6. Á ekki við/Vil ekki svara
7. Annað, hvað? _____

Hver er atvinnustaða foreldris 2?

1. Er í fullu starfi
2. Er í hlutastarfi
3. Er heimavinnandi
4. Atvinnulaus/Í atvinnuleit
5. Er í námi
6. Á ekki við/Vil ekki svara
7. Annað, hvað? _____

Hvaða tungumál eru töluð á heimilinu? _____

Hvers vegna er barnið ekki skráð á frístundaheimili í vetur?

Merktu við áhrif hvers þáttar.

	Engin áhrif	Lítill áhrif	Mjög lítill áhrif	Frekar mikil áhrif	Mjög mikil áhrif	Á ekki við/ Vil ekki svara
Foreldri er heimavinnandi	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Kostnaður við þjónustuna	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Barnið fékk ekki pláss á frístundaheimilinu í haust	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Barninu fannst ekki gaman á frístundaheimilinu	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Barninu leið illa á frístundaheimilinu	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Ég tel starfið á frístundaheimilinu ekki nægilega faglegt	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Ég treysti barninu mínu til að vera eitt heima	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Barnið stundar aðrar tómstundir eftir skóla	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Barnið fer heim með eldra systkini	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Vinir barnsins eru ekki á frístundaheimilinu	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

Eru aðrar ástæður fyrir því að barnið var ekki skráð á frístundaheimili í haust?

Ef aðstæður væru aðrar, myndir þú vilja að barnið þitt væri á frístundaheimili?

1. Já
2. Nei
3. Veit ekki/Vil ekki svara

Hvað þyrfti að koma til svo að þú myndir skrá barnið þitt á frístundaheimili? (Vinsamlega merkið við allt sem við á)

1. Að betur væri komið til móts áhugasvið allra barna
2. Að betur væri unnið að vellíðan allra barna
3. Mánaðargjald væri lægra
4. Annað, hvað?